

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar, nr. 692/2022.

1. gr.

27. gr. a samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirögn:

Framsal sveitarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt þessari eða með sérstökum viðauka við hana, að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, og
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Fastanefndum sem taldar eru upp í 39. gr. samþykktar þessarar, er heimil fullnaðarafgreiðsla á grundvelli ákvæða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins eða í sérstökum viðauka við hana, mál á verksviði þeirra.

Ályktanir nefnda teljast tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir, hafi viðkomandi nefnd ekki verið falin sérstaklega fullnaðarákvörðun um mál.

Beiðni um endurupptöku skal beint til sveitarstjóra nema annað sé tekið fram í samþykkt þessari eða viðauka og fer um endurupptöku samkvæmt 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

2. gr.

2. töluliður 1. mgr. 39. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Fjölskyldu- og frístundanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fjölskyldu- og frístundanefnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflökkum sem undir hana falla. Um er að ræða verkefni félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, jafnréttismál skv. 13. gr. laga um stjórnsýslu jafnréttismála nr. 151/2020, verkefni á sviði húsnæðismála, sbr. ákvæði laga um húsnæðismál nr. 44/1998, ákvæði laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og laga um almennar íbúðir nr. 52/2016, málefni fatlaðs fólks samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, málefni aldraðra, sbr. ákvæði laga nr. 125/1999, málefni innflytjenda, sbr. ákvæði laga nr. 116/2012, verkefni v/daggæslu í heimahúsum, sbr. reglugerð nr. 907/2005 auk verkefna á sviði forvarna. Fjölskyldu- og frístundanefnd er einnig falin yfirstjórn barnaverndarþjónustu samkvæmt 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur umsjón með styrkveitingum og samskiptum sveitarfélagsins við einstaklinga og félög vegna frístundamála. Fjölskyldu- og frístundanefnd fylgist með að starfsemi íþrótt- og æskulýðsstarfs sé samkvæmt ákvæðum æskulýðslaga nr. 70/2007. Fjölskyldu- og frístundanefnd skal hlutast til um mótun, setningu og endurskoðun forvarnarstefnu og skipulag forvarnarstarfs. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur umsjón með frístunda- og íþróttamálum á vegum sveitarfélagsins, m.a. skoðun á framboði tómsunda- og félagsstarfs í sveitarfélaginu. Fjölskyldu- og frístundanefnd hefur umsjón með rekstri vinnuskóla í Hvalfjarðarsveit og íþróttamannvirkjum og sundlaugum sem falla undir umsjón frístunda- og menningarfulltrúa sveitarfélagsins.

2. mgr. 39. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kýs sveitarstjórn fulltrúa sveitarfélagsins í eftirtaldar samstarfsnefndir:

1. *Dvalar- og hjúkrunarheimilið Höfði.* Einn fulltrúi og annar til vara í stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Höfða skv. samningi við samstarfssveitarfélög.
2. *Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.* Einn fulltrúi í fulltrúaráð, skv. lögum nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

3. *Faxaflóahafnir sf.* Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn Faxaflóahafna sf. skv. ákvæðum félagssamnings og skv. hafnalögum nr. 61/2003.
4. *Byggðasafnið í Görðum.* Vegna málefna Byggðasafnsins í Görðum. Einn fulltrúi og annar til vara í menningar- og safnanefnd Akraneskaupstaðar, sbr. skipulagsskrá Byggðasafnsins í Görðum.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Einn fulltrúi og annar til vara í sameiginlega heilbrigðisnefnd Vesturlands skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
6. *Hitaveitufélag Hvalfjarðar sf.* Einn fulltrúi í stjórn og annar til vara, samkvæmt samþykktum félagsins.
7. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.
8. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í stjórn og á aðalfund samkvæmt lögum samtakanna.
9. *Vatnsveitufélag Hvalfjarðar sf.* Kosið er í stjórn félagsins til eins árs í senn í samræmi við ákvæði sameignarfélagssamnings.
10. *Yfirnefnd fjallskilamála.* Einn fulltrúi og annar til vara.
11. *Þróunarfélag Grundartanga ehf.* Einn fulltrúi tilnefndur til setu í stjórn og annar til vara.
12. *Snorrastofa.* Einn fulltrúi tilnefndur til setu og annar til vara.
13. *Umdæmisráð barnaverndar.* Skal skipað þremur ráðsmönnum til fimm ára í senn samkvæmt 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
14. *Öldungaráð.* Í öldungaráði sitja sjö fulltrúar. Þrjú kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og sveitarstjórnar.
15. *Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks.* Í samráðshópnum sitja sex fulltrúar. Þrjú kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks.
16. *Sjálfsseignarstofnunin Grundarteigur.* Einn fulltrúi tilnefndur í stjórn samkvæmt 4. gr. skipulagsskrá sjálfsseignarstofnunarinnar.

3. gr.

46. gr. a samþykktarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Framsál sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Sveitarstjórn er heimilt að fela einstökum starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála með sömu skilyrðum og nefnd eru í 27. gr. a samþykktar þessarar. Sveitarstjórn og hlutaðeigandi fastanefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt ákvæði þessu. Sveitarstjórn skal setja skýrar reglur í samþykkt um stjórn eða í sérstakan viðauka með samþykkt um fullnaðarafgreiðslu.

Samþykkt þessari fylgir viðauki um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu, sbr. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2008, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

4. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki, viðauki I, um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu sem birtur er með samþykkt þessari.

5. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 30. desember 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKI I
um fullnaðarafgreiðslu mála vegna barnaverndarþjónustu.

1. gr.

Fjölskyldu- og frístundanefnd er falin yfirstjórn barnaverndarþjónustu samkvæmt 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Starfsmenn barnaverndarþjónustu sem taldir eru upp í 2. mgr. 2. gr. viðauka þessa fara með vald til fullnaðarafgreiðslu mála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002. Starfsmenn barnaverndarþjónustu bera ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Eftirtaldir starfsmenn fara með vald til fullnaðarafgreiðslu:

1. Félagsmálastjóri er starfandi forstöðumaður barnaverndarþjónustu á hverjum tíma.

3. gr.

Eftir að starfsmenn barnaverndarþjónustu sem hafa fullnaðarafgreiðsluvald hafa tekið ákvörðun og hún verið tilkynnt, á aðili máls rétt á því að mál sé tekið fyrir að nýju ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem hafa breyst verulega frá því að ákvörðun var tekin, sbr. 24. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993. Endurupptaka er heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Aðili máls skal beina kröfu um endurupptöku máls til þess starfsmanns barnaverndarþjónustu skv. 2. mgr. 2. gr. sem ekki tók ákvörðunina. Sé það ekki mögulegt skal beina kröfu um endurupptöku máls til þess starfsmanns barnaverndarþjónustu sem ákvörðun tók.

4. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. stjórn-sýslulaga nr. 37/1993.